



St. Georgsboðskapurinn 2002

Öldin nýja var okkur öllum fagnaðarefni. Við vorum bjartsýn og vonuðum að farsæld og friður yrðu hlutskipti mannkyns um ókomin ár; samvinna fólks frá ólíkum löndum myndi auðvelda lausn á erfiðum vanda, samstaða og skilningur eyða ótta og hatri; virðing fyrir siðum og venjum, trú og tungu yrðu leiðarljós í samfélagi þjóða og veröldin smátt og smátt að betri bústað.

Á augabragði vorum við óþyrmilega á það minnt að enn er langt í land að slíkar vonir rætist. Hefndarverk hafa orðið þúsundum að aldurtila. Hatur og ofsi eru uppspretta átaka sem daglega hafa í för með sér fórnardauða saklausra borgara, karla og kvenna við vinnu sína, barna að leik á strætum úti.

Heimsbyggðin stendur andspænis dýpri vanda en áður þekktist og nauðsynin á nýrri hugsun er mikilvægari en nokkru sinni.

Hugsjónin um bræðralag, samstöðu án tillits til trúarbragða, þjóðernis eða litarháttar, friðarkeðja sem tengir land við land – sú hugsjón þarf nú að verða leiðarljós í því þarfaverki að þoka mannkyni á nýjar brautir.

Skátastarfið hefur um langan aldur verið helgað slíkri hugsjón. Uppeldi og þjálfun sem hreyfingin hefur veitt milljónum um heim allan hafa gert skátana að góðum fulltrúum eigin lands og sönnum heimsborgurum í hugsun og breytni.

Þörfin á öflugu framlagi skátahreyfingarinnar er nú ærið brýnni og áriðandi að starfið á vettvangi hennar hljóti í senn stuðning og traust. Með því að veita ungu fólki tækifæri til að þroska hæfileika sína og kynnast félögum víða að úr veröldinni stuðlar skátahreyfingin að samvinnu og skilningi, treystir forsendur friðar og farsællar sambúðar þjóða heims.

Á æskuárum gafst okkur mörgum tækifæri til að njóta skátastarfsins og við höfum síðan búið að því veginesti sem við hlutum í félagsskap

með glöðum skátum. Ég minnst góðra stunda í gamla skátaheimilinu vestur á fjörðum og í gönguferðum upp til fjalla, samverunnar við skógareld á Landsmótinu fyrir sunnan þegar skátagestir frá öðrum löndum kenndu okkur nýja söngva.

Við lærðum að virða hvert annað, skilja að samvinna er forsenda árangurs, njóta náttúrunnar í félagsskap með öðrum, miðla þekkingu og reynslu, gefa öllum tækifæri til að eiga þátt í góðu verki. Við hugsuðum til samherja í fjarlægum löndum og vorum stolt af því að geta stuðlað að því að gera heiminn betri.

Það er aðdáunarvert hvernig St. Georgsgildin hafa starfað í þessum anda og haldið áfram að rækta þær hugsjónir sem sáð var til á æskuárum. Með framlagi sínu hafa St. Georgsgildin veitt verðugt fordæmi og verið traustur burðarás í skátastarfi. Slíkt ber að þakka heilum huga og vona um leið að St. Georgsgildin láti í framtíðinni enn frekar til sín taka.

Sú heimsmynd sem nú blasir við er í senn ákall og hvatning um að vinna ötullega að þeim hugsjónum sem skátahreyfingin hefur gert að leiðarljósi.

Norrænar þjóðir hafa notið þeirrar gæfu að búa við lýðræði, mannréttindi og velferð sem margir líta til sem fyrirmyndar. Skátahreyfingin á Norðurlöndum hefur því hagstæð skilyrði til að geta beitt sér með árangri í alþjóðastarfi. Á þeim vettvangi verða St. Georgsgildin áfram öflug liðssveit og ykkur fylgja heillaóskir frá öllum sem heilsa skátum með þakkarhug.

Ólafur Ragnar Grímsson
forseti Íslands